

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 3

3. árgangur

18.1.1996

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/3/01

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi mál nr. COM 0114 - Fesil + Finnfjord..... 01

3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/3/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.651 - AT&T/Philips Electronics N.V.)..... 03

96/EES/3/03

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.681 - RB of Scotland/Bank of Ireland)..... 04

96/EES/3/04

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.685 - Siemens/Lagardère)..... 04

96/EES/3/05

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.686 - Nokia/Autoliv).....05

96/EES/3/06

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....06

3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### **Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við 96/EES/3/01 samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi mál nr. COM 0114 - Fesil + Finnfjord**

#### **A. Umsókn og tilkynning**

1. Þann 30. nóvember 1994 barst eftirlitsstofnun EFTA umsókn um staðfestingu samkvæmt 2. gr. og tilkynning samkvæmt 4. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls í tengslum við almennan dreifingarsamning milli samstæðunnar Fesil KS (Fesil), Noregi, og Finnfjord Smelteverk AS (Finnfjord), Noregi. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 1994.

#### **B. Málstaðilar**

2. Aðalstarfsemi Fesil-samstæðunnar felst í sölu og framleiðslu á kísiljárn og kísilmálm. Í samstæðunni eru, auk Fesil, Fesil AS (áður Ila og Lilleby Smelteverker AS, ILS), sem er móðurfyrirtækið, fimm framleiðslueiningar (Lilleby Metal, Holla Metall, Hafslund Metall, Rana Metall og Fesil Brikettfabrikken) og fjögur sölufélög innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Velta samstæðunnar árið 1994 var 2,009 milljónir NOK.
3. Fesil er sameignarfélag með takmarkaðri ábyrgð (limited partnership) skráð samkvæmt norskum lögum. Það annast markaðssetningu og sölu á kísiljárn frá framleiðendum Fesil-samstæðunnar og Finnfjord og jafnframt sölu á kveikjurum úr járnblendi frá Fesil Brikettfabrikken. Velta Fesil-samstæðunnar árið 1994 var 1,190 milljónir NOK.
4. Finnfjord er norskur kísiljárnframleiðandi. Velta fyrirtækisins árið 1994 var 237 milljónir NOK.

#### **C. Samningurinn**

5. Þrátt fyrir að vera takmarkaðri, eðli sínu samkvæmt, telst tilkynntur dreifingarsamningur framhald á fyrri sameiginlegri dreifingu Finnfjord og ILS sem grundvallaðist á sameiginlegri eign þeirra í Fesil. Nýi samningurinn var gerður í tengslum við sölu Finnfjord á hlutabréfum þess í Fesil til ILS þann 31. maí 1994, sem þar með varð eini eigandi Fesil.
6. Samningurinn veitir Fesil almennan rétt til að selja kísiljárn sem Finnfjord framleiðir. Enn fremur skal Finnfjord veita Fesil upplýsingar ársfjórðungslega um það vörumagn sem það hefur í hyggju að dreifa í gegnum Fesil eða selja á annan hátt. Fesil skal hins vegar veita Finnfjord reglulega upplýsingar um áætlaða sölu. Finnfjord getur sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara, en samsvarandi uppsagnartími Fesil er tvö ár.

**D. Markaðurinn**

7. Kísiljárn er nauðsynlegt hráefni við framleiðslu á stáli og járni. Það er aðallega notað til að fjarlægja súrefni úr stáli í framleiðslu og sem málmblendi í stálblöndur eða í steypujárn. Verslað er með kísiljárn á alþjóðavettvangi og það aðallega flutt í búlkum. Flutningskostnað á hverja einingu er þannig haldið niðri. Þó eru við lýði tollar og ráðstafanir gegn undirboðum við innflutning til EES og geta gjöld numið allt að 74%. Innfluttar vörur eru m.a. upprunnar í m.a. Mið- og Austur-Evrópulöndum, (en undirboðstollur nær ekki til þeirra), Samveldi sjálfstæðra ríkja (CIS), Brasilíu og Kína.
8. Notendur kísiljárns eru stál- og járnverksmiðjur og málmsteypusmiðjur. Stærstu kaupendur innan EES eru Usinor-Sacilor, Ilva, British Steel, Thyssen-Krupp og stórar bílamálmsteypusmiðjur. Heildarneysla á kísiljárni innan EES er álitin vera u.þ.b. 550 milljónir tonn. Alla jafna er kísiljárn afgreitt samkvæmt ársfjórðungssamningum. Þó eru viðskipti á daglegum markaði umtalsverð. Árið 1993 námu þau u.þ.b. 55% af sölu kísiljárns innan EES, en venjulega er hlutur þeirra milli 15 og 30%.
9. Framleiðsla á kísiljárni krefst mikillar orkunotkunar. Því hefur nálægð við ódýra orku verið mikilvægari en nálægð hráefnis eða markaða. Vegna þess hve raforka er ódýr í Noregi hafa norskir framleiðendur verið í sterkri aðstöðu sem birgjar á evrópskum mörkuðum og anna nú u.þ.b. 50% af heildareftirspurn eftir kísiljárni innan EES.
10. Hlutur Fesil-samstæðunnar innan EES árið 1994 var u.þ.b. 25% þannig að hún var stærsti einstakur seljandi kísiljárns. U.þ.b. 1/4 af sölu Fesil kemur frá Finnfjord. Aðrir helstu framleiðendur innan EES eru Elkem AS (Noregi), Pechiney Electrometallurgie (Frakklandi), Ferro Atlantica (Spáni) og Vargön AB (Svíþjóð). Að auki er umtalsverður innflutningur frá framleiðendum utan EES.

**E. Áform eftirlitsstofnunar EFTA**

11. Fjöldi tiltölulega stórra og fjársterkra samkeppnisaðila innan EES ásamt umtalsverðum innflutningi frá meðal annars Mið- og Austur-Evrópulöndum, Samveldi sjálfstæðra ríkja, Brasilíu og Kína sýna að mikil samkeppni er á markaðinum fyrir kísiljárn innan EES. Í ljósi samkeppnisaðstæðna á markaðinum og almennum einkennum dreifingarsamningsins áformar eftirlitsstofnun EFTA að taka jákvæða afstöðu til samningsins sem stuttlega er fjallað um hér að framan og ljúka málinu þegar þar að kemur með stjórnsýslubréfi („comfort letter“). Áður en það er gert gefur hún hagsmunaaðilum kost á að senda athugasemdir sínar, innan mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar og tilgreina tilvísunarnúmer COM 020.0114, á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Surveillance Authority  
Competition and State Aid Directorate  
74, rue de Trèves  
B-1040 Brussels  
Belgium

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.651 - AT&T/Philips Electronics N.V.)

96/EES/3/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem AT&T Corp., í gegnum samstæðu sína Network Systems Group, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir tilteknum rekstrareiningum Philips Electronics N.V., með eignakaupum.

AT&T eignast þrjár rekstrareiningar (Transmission Networks, Microwave Transmission and Access og Cellular Infrastructure Systems) sem heyra undir Philips Communications Systems Division. Þessar rekstrareiningar annast framleiðslu á almennum fjarskiptabúnaði og eru innan tveggja dótturfyrirtækja í Philips-samstæðunni: Télécommunications Radioélectriques et Téléphoniques - TRT og Philips Kommunikations Industrie AG - PKI. Yfirtakan nær einnig yfir innlend sölusamtök í flestum aðildarríkjum EB og í öðrum löndum.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - AT&T er leiðandi amerískt fjarskiptafyrirtæki sem annast ýmis konar talsíma- og gagnaflutningaþjónustu bæði innanlands og utan, þar með talda langlínu- og tölvupóstþjónustu til og frá Bandaríkjunum. Fyrirtækið annast einnig útvegum á fjarskiptabúnaði.
  - Philips Electronics N.V. er eitt af stærstu rafeindafyrirtækjum í heimi. Dótturfyrirtækin TRT og PKI starfa við þróun, framleiðslu og dreifingu á fjarskiptabúnaði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 7, 12. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.651 - AT&T/Philips Electronics N.V., og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.681 - RB of Scotland/Bank of Ireland)****96/EES/3/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem The Royal Bank of Scotland Group plc. og The Bank of Ireland öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir The Citizens Financial Group, Inc., sem er amerískur banki, í því skyni að sameina bankastarfsemi sína í Bandaríkjunum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja felst í banka- og fjármálastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 7, 12. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.681 - RB of Scotland/Bank of Ireland, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.685 - Siemens/Lagardère)****96/EES/3/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Siemens AG og Lagardère Groupe S.C.A. öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Matra Transport International S.A.S. með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Siemens: iðn- og rafeindafyrirtæki sem annast starfsemi er tekur til iðn- og byggingakerfa, samgöngutækni og flutningakerfa,
  - Lagardère: eignarhaldsfélag fyrir fyrirtækjasamstæðu sem annast starfsemi í tengslum við hátækni, bifreiðir og fjölmiðla,
  - Matra Transport International: þróun og sala á sjálfvirkum flutningakerfum (AGT- Automated Guideway Transit) og sjálfvirkum eftirlitskerfum fyrir lestarumferð (ATC- Automatic Train Control).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 8, 13. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.685 - Siemens/Lagardère, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.686 - Nokia/Autoliv)**

**96/EES/3/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Nokia Audio & Electronics AB, undir yfirráðum Nokia-samstæðunnar og Autoliv AB öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Autoliv Nokia AB sem er nýstofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Nokia: fjarskipti og rafeindatækni,
  - Autoliv: öryggisbelti, líknarbelgir og annar öryggisbúnaður til notkunar í bíla,
  - Autoliv Nokia: rafstýribúnaður fyrir líknarbelgi sem notaðir eru í bíla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 7, 12. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.686 - Nokia/Autoliv, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****96/EES/3/06**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0395-NL	Reglugerð um hávaða frá vélum í sportbílum	29.2.1996
95-0396-UK	Reglugerðir um þyngd og mál (einföldun reglugerða)	6.3.1996
95-0397-FIN	Ákvörðun ríkisráðsins um notkun dráttarvéla, sem fengið hafa gerðarviðurkenningu, við hættulegar aðstæður (815/95)	Útrunnið
95-0398-FIN	Ákvörðun atvinnuáráðuneytisins um beitingu ákvörðunar ríkisráðsins um notkun dráttarvéla, sem fengið hafa gerðarviðurkenningu, við hættulegar aðstæður(1185/95)	Útrunnið
95-0409-A	Fjarskiptareglugerð um ISDN-búnað (FTV 312)	4.3.1996
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.